



24. mars 2021
KB/kb o.fl.

Staða verkefna í viðspyrnuáætlun sambandsins frá mars 2020 með aðgerðapakka fyrir sveitarfélög og sambandið til viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum

I. Fasteignagjöld og gjaldskrár

- a) Sveitarfélög kanni möguleika á að fresta a.m.k. tveimur gjalddögum fasteignagjalda, með sams konar hætti og ríkið kann að bjóða fyrirtækjum að fresta gjalddögum staðgreiðslu og tryggingargjalds, hjá einkafyrirtækjum sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19. Sveitarfélög setji sér reglur um þau viðmið sem koma til greina við veitingu slíkra fresta. Horft verði til þeirra skilgreininga sem ríkið mun beita við slíkar ákvarðanir.

Aðgerð 1

Í lögum um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru sem samþykkt voru 30. mars 2020 er ákvæði um að launagreiðendum, sem eiga við verulega rekstrarörðugleika að stríða á árinu 2020 vegna skyndilegs og ófyrirséðs tekjufalls sem leiðir af almennum samdrætti innan lands og á heimsvísu, er heimilt að sækja um frestun á skilum á allt að þremur greiðslum af tryggingagjaldi og afdreginni staðgreiðslu af launum sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020, að uppfylltum skilyrðum. Gjaldtagi og eindagi þeirra greiðslna sem frestað er að uppfylltum skilyrðum þessa ákvæðis er 15. janúar 2021. Sambandið taldi það mikilvæga forsendu fyrir því að þessar ívilnanir myndu ganga upp að ríki og sveitarfélög hefðu beina samvinnu um útfærslu og framkvæmd. Það tókst ekki og fer hvert sveitarfélag sína leið við útfærslu þessa.

Nú er til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til breytinga á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga vegna COVID þar sem lagt er til að sveitarfélögum verði heimilt að koma til móts við rekstraraðila sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna faraldursins. Þannig geti sveitarfélög sýnt aukinn sveigjanleika við innheimtu. Lagt er til að sveitarfélög geti sett reglur er heimila að dráttarvextir á fasteignagjöld séu lækkaðir eða felldir niður gagnvart umræddum rekstraraðilum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sambandið hefur lagt ríka áherslu á að hægt sé að nýta sér rafræn gögn Skattsins til að einfalda umsóknarferli hjá sveitarfélögum.

- b) Unnið verði að mótun frekari tillagna á næstu tveimur mánuðum um hvernig koma megir til móts við fyrirtæki sem fjallað er um í staflið a.

Aðgerð 2

Fylgst verður með framvindu í þjóðarbúskapnum og mótaðar viðbragðstillögur eftir atvikum, sjá umfjöllun undir aðgerð 1.

- c) Við ákvörðun álagningarhlutfalls fasteignaskatts í flokkum A og C árið 2021 verði horft til þess að skattar hækki í takt við áætlaðar verðlagsbreytingar milli ára en ekki hækkun fasteignamats.

Aðgerð 3

Þessu hefur verið komið á framfæri við sveitarfélög o.fl.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



- d) Sveitarfélög kanni möguleika á lækun gjaldskrár og tímabundinnar lækkunar eða niðurfellingar tiltekinna gjalda. Þessum stuðningi verði fyrst og fremst beint að einstaklingum og fjölskyldum sem verða fyrir atvinnumissi og í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun.

Aðgerð 4

Sambandið sendi sveitarfélögum þ. 23. mars 2020 leiðbeiningar um veitingu afslátta af greiðsluhlutdeild notenda velferðarþjónustu. Framkvæmd þessarar aðgerðar tengist einnig eftirfylgni með því hvernig fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er að þróast.

- e) Á árinu 2021 verði haldið aftur af gjaldskrárhækkunum sem kostur er.

Aðgerð 5

Þessu hefur verið komið á framfæri við sveitarfélög o.fl.

II. Framkvæmdir

- a) Viðhaldsframkvæmdir sveitarsjóða og B-hluta fyrirtækja verði auknar og þeim flýtt eins og kostur er, umfram það sem er í gildandi fjárhagsáætlunum ársins 2020 og í áætlunum fyrir árið 2021.

Aðgerð 6

Þessu hefur verið komið á framfæri við sveitarfélög. Hag- og upplýsingasvið hefur kallað eftir, með aðstoð landshlutasamtaka, upplýsingum frá sveitarfélögum um þær framkvæmdir sem koma til greina. Söfnun og flokkun upplýsinga stendur yfir og voru niðurstöður kynntar á fundi stjórnar sambandsins 24. apríl 2020. Sambandið hefur haldið því á lofti gagnvart ríkisstjórn og Alþingi að miklu máli skipti varðandi framkvæmd þessarar aðgerðar að sveitarfélög hafi rétt til endurgreiðslu VSK af framkvæmdum. Sjá umfjöllun undir aðgerð 7.

- b) Tekin verði upp endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna viðhaldsframkvæmda sveitarfélaga.

Aðgerð 7

Alþingi samþykkti að á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 megi endurgreiða byggjendum, eigendum, leigjendum, mannúðar- og líknarfélögum, íþróttafélögum, björgunarsveitum, landssamtökum björgunarsveita og slysavarnadeildum og einstökum félagseiningum sem starfa undir merkjum samtakanna, 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við byggingu, viðhald eða endurbætur á byggingarstað. Það sama gildir um þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits í tenglum við þessar framkvæmdir.

Sambandið lagði þunga áherslu á við umfjöllun um málið á Alþingi að sveitarfélögin myndu falla undir þetta ákvæði. Í nefndaráli meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar kom svo fram að endurgreiðsla vsk vegna vinnu við byggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis ætti á ná til allra. Við umfjöllun á Alþingi kom fram hjá formanni nefndarinnar staðfesting á að þetta ákvæði næði einnig til sveitarfélaga. Ekki var fallist á í fyrstu að endurgreiðsla nái til viðhaldsframkvæmda við önnur mannvirki en íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði eða stofnframkvæmda. Ríkisstjórnin kynnt tillögu um að sveitarfélög njóti þessarar endurgreiðslu fyrir annað húsnæði og eftir umfjöllun á Alþingi var lagaákvæði þess efnis samþykkt. Það þýðir að sveitarfélög geta fengið endurgreiddan VSK af framkvæmdum á íbúðarhúsnæði sem og öðru húsnæði sbr. [nánari umfjöllun á vefsíðu sambandsins](#). Heimild til endurgreiðslu hefur verið framlengd út árið 2021



- c) **Ráðist verði í fráveituframkvæmdir eins fljótt og kostur er, enda fái sveitarfélög stuðning frá ríkinu sem nemur ígildi virðisaukaskatts vegna framkvæmdanna.**

Aðgerð 8

Í fjárlögum 2021 er gert ráð fyrir að 800 m.kr. verði varið til þess að styrkja sveitarfélög vegna fráveituframkvæmda. Styrkirnir eru liður í sérstöku fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar vegna kórónuveirunnar. Áður hafði verið ákveðið að 200 m.kr. yrði varið til þessa vegna framkvæmda síðasta árs. Þá hefur frumvarp um átak í fráveitumálum verið samþykkt á Alþingi. Reglugerð um úthlutun styrkja til fráveitna sveitarfélaga hefur einnig verið samþykkt og auglýsti umhverfisráðuneytið eftir umsóknum um styrki í janúar.

- d) **Flýtt verði stofnframkvæmdum á vegum sveitarsjóða og B-hluta fyrirtækja.**

Aðgerð 9

Sambandið hvatti sveitarfélög til að flýta framkvæmdum í fyrra svo sem kostur er. Fyrirliggjandi vísbendingar eru um að fjárfestingar sveitarfélaga hafi verið mun minni en vænst var á árinu 2020 og að þær hafi verið minni en 2019. Að hluta til skýrist þetta af því að undirbúningur ýmissa framkvæmda tafðist víða vegna Covid 19 og líklegt er að ýmsum framkvæmdum hafi þurft að fresta. Sveitarfélögin hafa uppi áform um að auka fjárfestingar verulega í ár. Þannig gera fjárhagsáætlanir fyrir árið 2021 ráð fyrir að heildarfjárfesting í A-hluta verði um 59 ma.kr. sem er aukning um 11 ma.kr. frá fjárhagsáætlun 2020 eða 23%. Fjárfesting samstæðu A og B-hluta verður skv. fjárhagsáætlun 2021 100 ma.kr. samanborið við 85 ma.kr. í fjárhagsáætlun 2020.

- e) **Aukinn verði stuðningur Framkvæmdasjóðs aldraðra við viðhaldsframkvæmdir og stofnkostnað við hjúkunarheimili. Stuðningi skal forgangsraða til verkefna sem eru fullhönnuð og hæf til framkvæmda með litlum fyrirvara.**

Aðgerð 10

Fulltrúi sambandsins í stjórn sjóðsins hefur verið upplýstur um þessa áherslu og til stendur að greina stöðuna betur áður en næstu skref verða stigin.

- f) **Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði nýttur í auknum mæli, ásamt stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga, til uppbyggingar á húsnæði fyrir fatlað fólk og til að bæta aðgengi fatlaðra að mannvirkjum og útivistarsvæðum.**

Aðgerð 11

Upplýsingum um þessa áherslu var komið á framfæri við ráðuneyti sveitarstjórnarmála og lögfræði- og velferðarsvið sambandsins vann að útfærslu málsins. Nú liggur reglugerð nr. 280/2021. með nýjum og breyttum ákvæðum um starfsemi Fasteignasjóðs JS. Í henni er kveðið á um aukinn stuðning til sveitarfélaga vegna úrbóta sem gerðar eru í aðgengismálum fatlaðs fólks. Sérstaklega er kveðið á um að Fasteignasjóði sé heimilt á árunum 2021 og 2022 að úthluta samtals 363 m.kr. í sérstök framlög til:

- Úrbóta á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
- Úrbóta þannig að biðstöðvar almenningssamgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólki, svo og útivistarsvæði og almenningsgarðar.
- Úrbóta sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks.

Þessum upplýsingum hefur tvívegis verið komið á framfæri við sveitarfélögin með hvatningu um að þau nýti þau tækifæri sem felast í þessum stuðningi.



- g) Tilraunaverkefnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um stuðning til að örva byggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni verði hrint í framkvæmd sem allra fyrst í samvinnu við þau sveitarfélög sem í hlut eiga.

Aðgerð 12

Framkvæmdastjóri sambandsins, sem sæti á í stjórn HMS, hefur tekið málið upp við forstjóra og stjórn HMS og fengið mjög jákvæðar undirtektir um að málið komist í framkvæmd. Einnig hefur forstjóri og stjórn Byggðastofnunar verið upplýst um þessa aðgerð, ef vera kynni að aðstoðar þyrfti að leita frá þeirri stofnun. HMS er að fullgera áætlun um byggingu á mörgum tugum leiguíbúða á landsbyggðinni, m.a. í gegnum leigufélagið Bríeti sem rekið er undir hatti HMS. Bríet hefur þegar auglýst eftir framkvæmdaaðilum til að taka þátt í uppbyggingu íbúða í fimm sveitarfélögum og samstarf við fleiri sveitarfélög er í vinnslu.

III. Atvinnuáttaksverkefni og vinnumarkaður

- a) Sveitarfélög skilgreini og bjóði allt að 1.000 störf í atvinnuáttaksverkefnum í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð.

Aðgerð 13

Búið er að koma á framfæri ósk um samstarf við forstjóra Vinnumálastofnunar og málið hefur verið til umfjöllunar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Málið hefur fengið mjög góðar undirtektir. Sambandið á fulltrúa í samhæfingarhóp um atvinnu- og menntaúrræði (SAM hópurinn), sem settur var á fót af mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra, en ráðist hefur verið í ýmis úrræði í atvinnu- og menntamálum að hans undirlagi.

Sumarið 2020 var ráðist í sérstakt átak um sumarstörf fyrir námsmenn og samþykkti Alþingi að veita 2,2 ma.kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að standa straum af verkefninu. Alls sóttu sveitarfélögin um 3.076 störf og fengu úthlutað 1.709 störfum.

Þá hafa reglur um vinnumarkaðsaðgerðir verið endurskoðaðar svo auðveldara er t.d. að nýta úrræðið „ráðning með styrk“ sem sveitarfélög geta m.a. nýtt sér til að ráða fólk af atvinnuleysisskrá inn í ný störf.

Í mars 2021 var sett af stað sérstakt atvinnuáttak „Hefjum störf“. Markmiðið er að búa til allt að 7.000 tímabundin störf í samvinnu við atvinnulífið, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Ráðgert er að verja um 4,5– 5,0 ma.kr. til þessara aðgerða. Þá er einnig gert ráð fyrir átaki vegna sumarstarfa fyrir námsmenn. Átakið verður kynnt fyrir sveitarfélögum á fundi sem haldinn verður 26. mars 2021.

- b) Þess verði sérstaklega gætt að ný störf henti konum og fólki af erlendum uppruna.

Aðgerð 14

Þessari áherslu hefur verið komið á framfæri við viðkomandi aðila og tengist þetta aðgerð 13 hér að framan. Hefur SAM hópurinn m.a. lagt fram ýmsar tillögur til að ná til fólks af erlendum uppruna s.s. að leggja aukna áherslu á raunfærnimat og starfstengdan stuðning.



- c) Í þeim tilgangi að auka atvinnumöguleika fólks af erlendum uppruna í atvinnuleit á Íslandi verði ráðist í veglegt átak í íslenskunámi fyrir viðkomandi og veiti sveitarfélög og ríki sérstakan fjárstuðning til þeirra sem námið sækja.

Aðgerð 15

Fyrirgreindur SAM hópur hefur m.a. lagt til ýmsar tillögur í þessum efnum og var m.a. boðið upp á sérstakt íslenskunám fyrir útlendinga sumarið 2020. Þá styrkir Vinnumálastofnun einstaklinga á atvinnuleysissskrá sem vilja sækja sér námskeið m.a. í íslensku fyrir útlendinga.

- d) Beina skal styrkjum úr nýsköpunarsjóðum til einyrkja og til kvennastarfa.

Aðgerð 16

Þessari áherslu var komið á framfæri við fulltrúa ríkisins. Í fjárfestingaáætlun sem Alþingi samþykkti 30. mars 2020 eru framlög til nýsköpunarsjóða hækkuð verulega.

- e) Það er sveitarfélögum kappsmál að standa vörð um störf á þeirra vegum þrátt fyrir horfur um versnandi fjárhagsstöðu á næstu misserum.

Aðgerð 17

Þessari áherslu hefur verið komið á framfæri við sveitarfélög sem hafa staðið vörð um störf þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu.

IV. Markaðsáttak í ferðaþjónustu

- a) Landshlutasamtök sveitarfélaga verði hvött til að breyta áherslum við mótun sóknaráætlana fyrir næstu ár þannig að aukinn þungi beinist að ferðaþjónustutengdum verkefnum og átaki til kynningar á ferðaþjónustu í heimabyggð.

Aðgerð 18

Þessari áherslu hefur verið komið á framfæri við Bygðastofnun, ráðuneyti byggðamála, landshlutasamtök sveitarfélaga og sveitarfélög. Einnig er augljóst að tekjur safna munu skreppa verulega saman á þessu ári en þau eru víða mjög mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu svo vert er að hafa hagsmuni þeirra einnig í huga við útfærslu þessa máls. Árinu 2020 var 200 m.kr. viðbótarframlagi veitt til sóknaáætlana, m.a. í þessum tilgangi.

- b) Sveitarfélög, stofnanir, sjóðir og fyrirtæki auki mótframlög sín í sóknaráætlunarverkefni er lúta að eflingu ferðaþjónustu.

Aðgerð 19

Þessari áherslu hefur verið komið á framfæri við Bygðastofnun, ráðuneyti byggðamála, landshlutasamtök sveitarfélaga og sveitarfélög.

V. Laga- og reglugerðabreytingar og skattheimta

- a) Lögum verði breytt svo sveitarfélögum verði heimilt að fresta gjalddögum fasteignagjalda.

Aðgerð 20

Í frumvarpi um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga er lagt til að lögveðsréttur vegna fasteignaskatts af atvinnuhúsnæði verði lengdur tímabundið í fjögur ár í stað tveggja. Jafnframt er lagt til að sveitarfélögum verði heimilt að lækka eða fella niður dráttarvexti vegna fasteignaskatta sem lagðir eru á atvinnuhúsnæði á árunum 2020-2022 hjá gjaldendum sem eiga við



verulega rekstrarörðugleika að stríða vegna kórónuveirufaraldursins eða gjaldendum sem leigja húsnæði til rekstraraðila sem sömu skilyrði eiga við, á grundvelli reglna sem sveitarfélög setja sér.

- b) Ákvæði sveitarstjórnarlaga um fjármálareglur sveitarfélaga verði rýmkuð með því að jafnvægisreglu og skuldareglu verði tímabundið vikið til hliðar.**

Aðgerð 21

Í byrjun covid-19 faraldursins var ákveðið, í samræmi við beiðni frá sambandinu, með lögum að fjármálareglur sveitarfélaga yrðu gerðar óvirkar í þrjú ár. Í frumvarpi um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga er lagt til að þetta tímabil framlengist til loka ársins 2025, sem einnig í samræmi við kröfu frá sambandinu.

- c) Viðmiðunarfjárhæðir laga um opinber innkaup um útboðsskyldu sveitarfélaga verði rýmkaðar tímabundið.**

Aðgerð 22

Þessu hefur verið komið á framfæri við fjármálaráðuneytið og ráðuneyti sveitarstjórnarmála. Áfram verður unnið í málinu.

- d) Áhættuvog sveitarfélaga í áhættugrunni lánastofnana verði lækkuð úr 20% í 0%. Þessari aðgerð er ætlað að skila betri vaxtakjörum fyrir sveitarfélög og bæta möguleika Lánasjóðs sveitarfélaga að veita stærri sveitarfélögum aukin lán.**

Aðgerð 23

Þessu hefur verið komið á framfæri við fjármálaráðuneytið; Seðlabankann o.fl. Aflað hefur verið upplýsinga frá nágrannaríkjum, einkum frá Noregi. Fram til þessa hafa Seðlabankinn og fulltrúar ríkisins ekki vilja fallast á þessa breytingu. Áfram verður unnið í málinu.

- e) Sett verði lög um stuðning ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.**

Aðgerð 24

Sjá umfjöllun um aðgerð 8 undir II c í þessu skjali.

- f) Sett verði lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhaldsframkvæmda sveitarfélaga.**

Aðgerð 25

Í framangreindum lögum eru ákvæði sem veita sveitarfélögum rétt á endurgreiðslu vsk vegna vinnu við viðhaldsframkvæmdir íbúðar- og frístundahúsnæðis sem og annars húsnæðis. *Sjá umfjöllun um aðgerð 7 undir II b.*

- g) Engir nýir skattar og gjöld verði lögð á opinbera þjónustu sveitarfélaga, s.s. urðunarskattur.**

Aðgerð 26

Þessu hefur verið komið á framfæri við ráðuneyti sveitarstjórnarmála, fjármálaráðuneytið og Alþingi. Vegna andstöðu sambandsins var fallið frá álagningu urðunarskatts. Sambandið stundar sívöktun á þessu máli.

-KB-